

Nd.

323. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna (þskj. 48).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

4., 5. og 6. liður tillögunnar skulu felldir niður.

Ástæður.

5. og 6. liður voru upphaflega settir í tillögunna, til þess að fá fram yfirlýsingar stjórnarinnar um þau atriði. Hún hefir lýst yfir því, að 5. sje fullnægt. Nóg mun vera að 6. liður hefir komið til orða, og tel jeg mikla furðu, ef það endist eigi til lagfæringar. Fjórði liður gerir ráð fyrir kostnaði. Og þótt jeg viti, að sá kostnaður mundi margborga sig, þá veit jeg og, að sumir þm. líta öðruvísi á, og þykir þeim stofnað til óþarfrar eyðslu. Þar sem þetta lýtur eigi beinlínis að skilningi greinarinnar, þá vil jeg taka þennan stein úr götu þingmanna, í því skyni, að þá verði þrír fyrstu liðirnir samþykktir með öllum atkvæðum.

Öllum skepnum jarðarinnar eru veitt einhver vopn, til þess að vega með og verjast, og allsherjarnefndinni er veitt rökstudd dagskrá að allsherjarvopni. Nú segist hv. nefnd vera mjer sammála um innihald og efni tillögunnar, og reiðir hún því nú hið mikla vopn sitt að sjálfri sjer. Ein ástæðan til þessarar breytingartillögu minnar er því sú, að reyna að koma í veg fyrir, að svo dýrmæt skepna skaparans fremji sjálfsmorð.